



## Fundargerð framkvæmdastjórnar KGRP

Þriðjudaginn 16. janúar var fyrsti fundur ársins 2018 haldinn í framkvæmdastjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Fundurinn hófst kl. 12:00 í fundarherbergi KGRP á Fossvogi. Mættir: Jóhannes Pálmason, formaður, Emilía G. Svavarsdóttir, meðstjórnandi, og Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri. Egill Heiðar Gíslason varaformaður og sr. Gísli Jónasson prófastur boðuðu forföll. Á fundinn komu Margrét Guðjónsdóttir, bókari KGRP og Kári Aðalsteinsson, garðyrkjustjóri KGRP.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og lagði síðan fram fundargerð síðasta framkvæmdastjórnarfundar og var hún samþykkt. Forstjóri las ritningarlestur og fór með bæn.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2018. Bókari og garðyrkjustjóri KGRP koma á fundinn.
2. Umsókn Zuism trúfélags um sæti í stjórn KGRP.
3. Önnur mál.

-----

1. Forstjóri reifaði útlínur fjárhagsáætlunar 2018 og sagði að það væru einkum þrjár þýðingamiklar upphæðir sem hann vildi nefna: Tekjur væru áætlaðar 637 m.kr., gjöld 662 m.kr. og áætlað tap af reglulegri starfsemi 25 m.kr. Í máli forstjóra kom fram að engar nýframkvæmdir verði á vegum KGRP í ár, hvorki stækkun grafarsvæða né byggingaframkvæmdir. Ástæðan er sú sama og mörg síðastliðin ár: Sífellt minna framlag frá ríkinu sem nægir ekki til brýnasta reksturs. Stærstu liðir gjaldamegin eru launakostnaður, rekstur og viðhald fasteigna og rekstur og viðhald garða. Fram kom að hugsanlega yrði halli nokkru minni vegna þess að mikil þensla er í þjóðfélaginu og erfitt er að fá verktaka til viðhaldsframkvæmda á skynsamlegu verði og afleiðingin yrði hugsanlega sú að einhverjum viðhaldsframkvæmdum yrði frestað.

Margrét og Kári skýrðu nánar frá einstaka tekju- eða gjaldaliðum og svöruðu spurningum. Þau sögðu frá vinnunni við fjárhagsáætlunina og nefndu að sumarstarfsmönnum verði enn fækkað um 10 talsins og þeir verði um 75 en voru 85 sl. sumar. Megináhersla væri nú lögð á að vélvæða eins og unnt er á móti sífellt fækkandi sumarstarfsmönnum og ráða frekar fasta starfsmenn til að missa ekki algjörlega tókin á umhirðunni.

Fjárhagsáætlunin var síðan lögð fram og var hún samþykkt. Margrét og Kári véku af fundi.

2. Lagt var fram bréf frá Gunnari Agli Egilssyni, hdl., hjá Nordik lögfræðipjónustu, dags. 8. nóv. sl., þar sem óskað var eftir aðild fulltrúa Zuism trúfélags, kt. 470513-0710, að stjórn KGRP og einnig ósk um úthlutun lands undir grafreiti fyrir félagsmenn. Á fundinn komu Gunnar Egill lögmaður, Ágúst Arnar Ágústsson sem tilnefndur var sem aðalmaður í stjórn og Einar Ágústsson tilnefndur sem varamaður.

Formaður KGRP fór yfir bréf Gunnars Egils og sagði það ljóst að Zuism trúfélag ætti rétt á að tilnefna fulltrúa í stjórn KGRP og annan til vara. Félagið væri að finna á lista yfir skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög sem fram kemur á vefnum [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is) og samkvæmt gögnum dómsmálaráðuneytisins hefur félagið verið viðurkennt sem trúfélag.

Síðan sagði formaður gestum fundarins frá því hvernig KGRP væri stjórnað, hvert þjónustusvæðið væri og fleira tengt starfseminni.

Fram kom í máli formanns að úthlutun lands undir grafreiti væri ekki að sama skapi borðleggjandi eins og aðild fulltrúa að stjórn. Engin lagaskylda væri til staðar um að KGRP yrðu að úthluta sérstöku landi undir grafreiti trúfélaga. Stjórn KGRP yrði að fjalla sérstaklega um þá beiðni.

Fram kom hjá forstjóra að aðalmaður Zuism trúfélags yrði settur inn á nafnalista stjórnar og þar með fengi hann fundargerðir framkvæmdastjórnar sendar ásamt fundarboðum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.